

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

B.
S.

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 75. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 5. desember 2012
og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Bjarnason Formaður, Bjarni Vigfússon Nefndarmaður, Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður og Sturla Fjeldsted Varamaður.

Fundargerð ritaði: Smári Björnsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. 1211007 - Fróðárfjara_Umsókn um leyfi til efnistöku og breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar því samfara.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar frestar erindinu.

Fyrir liggur umsögn UST um erindið, þar sem bent er á að fjaran liggi innan svæðis nr. 223 á náttúruminjaskrá. Telur UST vafasamt að það svæði sem hér um ræðir þoli langvarandi efnistöku af þeirri stærðargráðu sem hér er líst. Leggur UST til að leitað verði álits sérfræðinga á því hvort hætta stafi af fyrirhugaðri efnistöku úr Fróðárfjöru.

Vísar nefndin því málinu aftur til umsækjenda og óskar eftir frekari álits sérfræðinga í samræmi við óskir UST og samvinnu við stofnunina. Leitað verði umsagnar Vegagerðar og Siglingastofnunar varðandi landbort og til jarðfræðinga sem lagt geta mat á efnismagn og endurnýjun efnis vegna framburðar.

2. 1209002 - Ósk um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar Hellnar í samræmi við áður samþykkt deiliskipulag fyrir fristundarlóð í landi Gíslabæjar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar hefur áður fjallað um málið og frestaði því þá. Óskað var eftir frekari gögnum um málið, nú liggja þau fyrir. Samkvæmt þessum gögnum er deiliskipulagið í gildi og fellst nefndin á það.

Hvað varðar breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið tekur nefndin jákvætt í það en vill að sú breyting verði skoðuð í samvinnu við landeigenda og heildar endurskoðuna á skipulaginu.

3. 1211002 - Hellisbraut 20. Umsókn um leyfi til breytinga á húsnæðinu Hellisbraut 20.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar hafnar erindinu á þeim rökum að húsnæðið er skilgreint sem iðnaðarhúsnæði á aðalskipulagi.

4. 1211005 - Engihlíð 28_Umsókn um byggingarleyfi

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

BB.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.

5. 1211006 - Furubrekka_Umsókn um byggingarleyfi

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.

6. 1212001 - Furubrekka_Umsókn um byggingarleyfi_vélageymsla

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.

7. 1212002 - Sölvaslóð 1_Umsókn um byggingarleyfi f. 105 m² hús.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar frestar erindinu meðan úrskurður UST er skoðaður frekar.

8. 1211008 - Sölvaslóð 1_úrskurður vegna kæru um synjun um byggingarleyfi frá ÚUA dagsett 16.08.2012

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar var kynntur úrskurður UST dagsettur 22.11.2012

9. 1212003 - Ólafsbraut 19_verslun í húsnæði.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið þegar fyrir liggur samþykki meðeigenda í húsinu.

10. 1211009 - Skólabraut 9_niðurrif á húsi

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.

11. 1211001 - Brautarholt 7_núverandi eigandi óskar eftir að verði færð í fyrrahorf vegna ólögmætar leyfis veitingar árið 2003.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar var kynnt erindið frá núverandi húseigenda, Brautarholti 7 neðri hæð. Fyrir liggur álit lögfræðings varðandi málið og þar segir: "að í apríl 2003 voru Jóngeir Magnússon og Guðrún H. Pétursdóttir skráðir og þinglýstir eigendur eignarinnar. Samkvæmt 1.mgr. 22. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 er skráður eigandi fasteignar sá sem hefur þinglýsta eignarheimild hverju sinni. Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 hefur sú þinglýsta eignarheimild sem þinglýsingarbók nefnir eiganda á hverjum tíma. Með vísan til þessa tel ég að afgreiðsla á umræddu erindi varðandi eignina í mars 2003 hafi verið rétt". Nefndir samþykkir álit lögfræðing á málinu og felur byggingarfulltrúa að svara húseiganda.

12. 1006019 - Fossabrekka 23 - Byggingarleyfi sem nefndin samþykkti þann 31.08.2010 hefur aldrei verið gefið út þar sem gjöld hafa ekki verið greidd.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar var kynnt bréfið frá Nesbyggð og leggur til að honum verði veitt frestur til 1. mars 2013 til að

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

fjarlægja allt það efni sem er á svæðinu. Ljóst þykir að ganga verður vel frá öllu því efni sem er á svæðinu svo ekki verði fok hætta af völdum þess.

13. 1211004 - Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.

14. 1210012 - Sölvasklóð 1_dagssektir á gám sem er á lóð án stöðuleyfis.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir að lagðar verði 10.000 kr,- dagssektir á gám við Sölvasklóð 1, í samræmi við vinnuferil mála hjá byggingarfulltrúa og byggingarreglugerð.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:52.

The image contains five handwritten signatures stacked vertically. From top to bottom: 1) "Hjorjón Þjórsson" with a small stylized drawing below it; 2) "Þorsteinn Þorláksson"; 3) "Ólafur Þorláksson"; 4) "Þorsteinn Þorláksson" (repeated); 5) "Eðvarður Þorláksson".